

076/01 - Rán HF 42

Rán HF 42, skipverji slasast við hífingu á trolli

Rán HF 42

Skipaskr.nr.: 2182

Smíðaður: Vigo Spáni 1991 Stál

Stærð: 598,02 brl; 1.199,00 bt

Lengd: 45,84 m **Breidd:** 11,90 m **Dýpt:** 7,23 m

Vél: Wartsila 2.200,00 kW **Árgerð:** 1991

Annað:

Földi skipverja: 25



Atvikalýsing

Hinn 9. desember 2000 var frystitogarinn Rán HF 42 á togveiðum vestur af landinu. Veður: NA- 14-18 m/sek. og talsverður sjór.

Verið var að hífa inn belginn og búið var að hífa inn eina færú af þremur. Skipverji stóð bakborðsmeginn í rennunni en pokinn lá allur stjórnborðsmeginn í henni. Hann hafði nýlokið við að setja bakborðsgilsinn í, en hann var alltaf notaður við aðra færú, og var búinn að sleppa honum og var á leið út úr rennunni. Þá gerist það að belgurinn kastaðist yfir í bakborðssiðuna. Skipverjinn hafði gengið nokkur skref afturábak og fylgst með því sem var að gerast en fékk þá belginn að miklu afli á brjóstakassann. Skipverjinn kastaðist með bakið á garðann í skutrennunni og mikill hnykkur kom á háls með þeim afleiðingum að skipverjinn lá ósjálfbjarga í rennunni.

Haft var samband við lækni á slysadeild og staðan metin þannig að ekki væri um bráðatilfelli að ræða. Hinn slasaði var síðan um borð í tvær vikur eftir slysið en eftir læknisskoðun er í land kom þurfti hann að gangast undir aðgerð á baki og hálsi.

Við rannsókn kom fram

- að skipið var látið flatreka þegar óhappið vildi til;
- að hnútur kom á skipið sem varð til þess að belgurinn kastaðist til;
- að sögn slasaða kastaðist belgurinn til af óvenju miklum krafti.

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.